


Ættbálkar héraðýra (Lagomorpha) og nagdýra (Rodentia) eru náskyldir en nagdýr eru mun fjölbreyttari og tegundaauðugri. Um 40% allra spendýra eru nagdýr eða tæplega 2300 tegundir meðan héraðýr ná ekki 100 tegundum. Margt er líkt með þessum tveim ættbálkum, þetta eru smá-vaxnar jurtaætur með sérstakar nagtennur sem hætta aldrei að vaxa, þótt héraðýr hafi fjórar framtennur í efra gómi en nagdýr aðeins tvær.



Í ættbálki héraðýra eru einungis tvær ættir – kanínuætt (Leporidae) og múshéraætt (Ochotonidae) en múshéarar lifa í fjallendi á norðurslóðum. Alikanínur, eru ræktuð afbrigði af evrópsku villikanínunni (*Oryctolagus cuniculus*) sem er af kanínuætt (Leporidae).

Í smádýrahúsinu er einnig að finna búskrottur (*Octodon degus*) eða Degu. Þær finnast í Suður Ameríku og eru af búskrottuætt (Octodontidae). Þær minna á kanínur í útliti, með stór eyru og langar afturlappir. Hins vegar eru þær nagdýr og eru hluti af mjög auðugri nagdýrafánu Suður Ameríku en í þeim hópi eru m.a. flóðsvín (*Hydrochoeris hydrochoeris*), gullhéarar (ættkvísl *Dasyprocta*), loðkanínur (ættkvísl *Chinchilla*) og naggrísir (ættkvísl *Cavia*). Önnur þekkt nagdýr eins og bjórar, rottur og mýs og íkornar eru öllu fjarskyldari.